

Nr. 15/1992. Þriðjudaginn 9. febrúar 1993.  
**Alþýðusamband Íslands**  
**v/Sjómannasambands Íslands**  
 (Arnmundur Backman hrl.)  
 gegn  
**Vinnuveitendasambandi Íslands**  
**vegna Landssambands íslenskra**  
**útvegsmanna**  
 (Jón H. Magnússon hdl.)

Miðlunartillaga ríkissáttasemjara. Desemberuppbót. Orlofsuppbót.

### **Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem dómtekið var 28. janúar sl., höfðaði Alþýðusamband Íslands vegna Sjómannasambands Íslands fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefinni 2. des. 1992, gegn Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Landssambands Íslenskra útvegsmanna.

Dómkröfur stefnanda eru:

Aðallega, að 5. og 6. gr. miðlunartillögu ríkissáttasemjara, sem lögð var fram 26. apríl 1992 til lausnar kjaradeilu milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, verði skilin svo að sjómenn innan Sjómannasambands Íslands eigi rétt á sérstakri desemberuppbot, kr. 12.000, og orlofsuppbot, kr. 8.000, í formi eingreiðslu.

Til vara var gerð sama krafa og í aðalkröfu þó þannig að grunnkaup lækki um 2, 5 % frá launatöflu á dskj . 3.

Til þrautavara, að gr. 5 og 6 í umræddri miðlunartillögu verði skilin svo að sjómenn innan Sjómannasambands Íslands eigi rétt á sérstakri desemberuppbot, kr. 2.000, og sérstakri orlofsuppbot, kr. 1.000.

Við munnlegan málflutning var tekið fram að krafa stefnanda tæki til þeirra sjómanna innan Sjómannasambands Íslands sem samþykkt hafa umrædda miðlunartillögu.

Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda:

Aðalkrafa, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda.

Til vara, að kauptrygging og kaupliðir verði lækkaðir um 3,1% frá launatöflu á dskj. 4 ef aðalkrafa stefnanda verður tekin til greina.

Stefndi krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Við aðalmeðferð málsins komu fyrir dóm til skýrslugjafar þeir Hannes G. Sigurðsson aðstoðarframkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands og Jónas Haraldsson skrifstofustjóri Landssamband íslenskra útvegsmanna.

#### *Málavextir.*

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

Pann 26. apríl lagði ríkissáttasemjari fram miðlunartillögu til lausnar kjaradeilu milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands f.h. umbjóðenda sinna. Alþýðusamband Íslands fór m.a. með samningsumboð Sjómannasambands Íslands, en Vinnuveitendasamband Íslands með samningsumboð Landssambands íslenskra útvegsmanna. Tillagan var samþykkt af öllum þorra stéttarfélaganna innan Sjómannasambands Íslands. Stuttu síðar kom í ljós ágreiningur milli Sjómannasambands Íslands annars vegar og LÍÚ hins vegar um greiðslu orlofs- og desemberuppbótar til sjómanna samkvæmt miðlunartillögunni. Samkvæmt 3. gr. miðlunartillögunnar skyldu laun og launatengdir liðir hækka um 1.7% hinn 1. maí 1992. Samkvæmt 5. gr. miðlunartillögunnar skyldu starfsmenn, sem hafa verið í fullu starfi allt árið í sama fyrirtæki og eru við störf í fyrirtækinu í síðustu viku nóvember eða fyrstu viku desember, fá desemberuppbót eigi síðar en 15. desember ár hvert, eingreiðslu kr. 12.000. Samkvæmt 6. gr. tillögunnar skyldi starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næst liðið orlofsár og er í starfi síðustu viku apríl eða fyrstu viku maí, fá við upphaf orlofs eða eigi síðar en 15. ágúst það ár greidda sérstaka orlofsuppbót, eingreiðslu kr. 8.000, miðað við fullt starf.

Sjómannasamband Íslands gaf út kaupskrá til samræmis við þau ákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara er snerta sjómenn, sbr. dskj. 3. Þar er ráð fyrir því gert að kauptrygging og kaupliðir hækki um 1,7% frá 1. maí í samræmi við 3. gr. miðlunartillögunnar. Þar eru tekin upp ákvæði miðlunartillögunnar hvað varðar orlofsuppbót og desemberuppbót, sbr. 5. og 6. gr. miðlunartillögunnar. Landssamband ísl. útvegsmanna gaf einnig út kaupskrá. Samkvæmt kaupskrá stefnda var gert ráð fyrir því að kauptrygging hækkaði um 2.3% „að teknu tilliti til orlofs og desemberuppbótar frá 1. maí 1992 að telja

hjá þeim félögum innan Sjómannasambands Íslands sem samþykktu miðlunartillögu Ríkissáttasemjara“. Forsenda stefnda fyrir umræddri 2,3% hækkun var sú að orlofs- og desemberuppbótin var metin 0,6% ofan á laun til viðbótar þeirri 1,7% grunnkaupshækkun, sem miðlunartillagan gerði ráð fyrir í 3. gr.

Stefnandi mótmælti reikningsaðferð stefnda hinn 6. júlí 1992. Þann 30. sama mánaðar svaraði stefndi því bréfi og vísaði þá til úrskurðar Hagstofu Íslands frá 29. apríl 1988 og einnig til fyrri kjarasamninga um meðferð þessara mála. Þar er vitnað til þess að í kjarasamningum málsaðila frá 15. janúar 1987 var ákvæði um að kauptrygging og kaupliðir sjómanna skyldu breytast til samræmis við launabreytingar fiskvinnslufólks. Í febrúar og mars árið 1988 var í fyrsta sinn samið um desemberuppbót milli VSÍ og Verkamannasambands Íslands, kr. 4.500 á ári. Ekki náðist samkomulag milli aðila um hvaða hækkunar skyldu falla sjómönnum í skaut á grundvelli ákvæðisins og kom því til úrskurðar Hagstofu Íslands, sem úrskurðaði að kauptrygging og kaupliðir skyldu hækka um 10,6% frá 1. apríl 1988.

Í almennum kjarasamningum landverkafólks, sem undirritaðir voru 1. maí 1989, var í fyrsta sinn samið um orlofsuppbót að fjárhæð kr. 6.500. Einnig var desemberuppbót hækkuð í kr. 9.000. Almennar grunnkaupshækkunarir voru kr. 2.000 á mánuði og var það metið af heildarsamtökum sem 3,8% launahækkun á meðalmánaðarlaun. Þann 3. júní 1989 náðist samningur milli Sjómannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands þar sem kauptrygging og aðrir launaliðir voru hækkaðir um 6,2%. Þessi hækkun á launaliðum sjómanna átti sér m. a. þá skýringu að málsaðilar lögðu það sameiginlega mat á launabreytingar fiskvinnslufólks og þar með á orlof og desemberuppbót að hækkunin skyldi nema 6,2%, enda voru þá engin ákvæði í kjarasamningum Sjómannasambands Íslands og Landsambands íslenskra útvegsmanna um sérstaka eingreiðslu orlofs- og desemberuppbótar eins og hjá öðrum stéttarfélögum landverka-fólks.

Í febrúar 1990 var í heildarkjarasamningum samið um að laun skyldu hækka um 1,5% 1. febrúar og 1,5% 1. júní auk frekari hækkana síðar og að orlofsuppbót skyldi hækka úr kr. 6.500 í kr. 7.000 og desemberuppbót úr kr. 9.000 í kr. 10.000. Á grundvelli hins almenna samnings gerðu aðilar með sér kjarasamning 24. nóvember 1990. Þá

var samið um 3,2% hækkun á kauptryggingu og kaupliðum í samræmi við hækkanir á launum landverkafólks.

*Rökstuðningur stefnanda.*

Aðalkrafa stefnanda er rökstudd með því að samkvæmt 5. gr. miðlunartillögu ríkissáttsemjara skuli starfsfólk fá desemberuppbót, sérstaka eingreiðslu kr. 12.000, eigi síðar en 15. desember ár hvert. Samkvæmt 6. gr. sömu miðlunartillögu skuli starfsfólk fá orlofsuppbót, sérstaka eingreiðslu kr. 8.000, eigi síðar en 15. ágúst á orlofsárinu. Þessi miðlunartillaga hafi verið samþykkt af öllum þorra sjómannafélaganna innan Sjómannasambands Íslands og óumdeilt sé að hún sé gildandi kjarasamningur milli aðila í dag. Með samningi þessum hafi sjómenn innan vébanda Sjómannasambands Íslands í fyrsta sinn fengið bein ákvæði í kjarasamning um sérstaka eingreiðslu orlofs- og desemberuppbóta. Frá því á árinu 1989 hafi stefnandi Sjómannasamband Íslands alltaf gert þá kröfu við gerð kjarasamninga að fá eingreiðslu á orlofs- og desemberuppbót með sama hætti og launþegar í landi. Þegar samningurinn frá 24. nóv. 1990 var gerður hafi sú krafa ekki náðst fram, heldur aðeins meðaltalshækkun á grundvelli ákvæða um samanburð launa sjómanna við landverkafólk.

Reikningsaðferð sú sem stefndi noti í kaupskrá á dskj. 4 felist í því að meta orlofs- og desemberuppbót miðlunartillögunnar til 0,6% launahækkunar til viðbótar við þau 1,7% sem kauptrygging hækkaði og dreifa þannig orlofs- og desemberuppbótinni á 12 mánuði eins og áður meðan engin ákvæði voru í kjarasamningum aðila um þessar uppbætur í stað þess að efna skyldu sína samkvæmt beinu ákvæði í miðlunartillögunni. Aðferð stefnda sé því brot á skýru orðalagi kjarasamnings. Meginregla varðandi túlkun kjarasamnings sé sú að skýrt orðalag skuli ráða. Þess vegna sé dómkrafa stefnanda sú að stefnda verði dæmt skylt að greiða umrædda desember- og orlofsuppbót sem eingreiðslu í fullu samræmi við 5. og 6. gr. miðlunartillögu ríkissáttasemjara í samræmi við orðanna hljóðan. Kaupskrá stefnda frá 1. maí 1992 á dskj. 4 sé ógild og að engu hafandi.

Stefnandi telur sjómenn innan Sjómannasambands Íslands, sem taka laun eftir áður nefndri miðlunartillögu, eiga rétt á fullri og óskertri desember- og orlofsuppbót samkvæmt áður nefndum greinum og að grunnkaup hækki í staðinn um 1,7% en ekki 2,3% eins og

stefndi hafi tekið sér vald til að ákveða. Þessi mál hafi verið leyst með þeim hætti hvað sjómenn varðar allt frá árinu 1988 að hækka grunnkaup þeirra til samræmis við desemberuppbót landverkafólks og síðar orlofsuppbót einnig frá árinu 1989. Stefnandi telur að aðalkrafa máls þessa hafi ekki í för með sér að lækka verði grunnkaup sjómanna á ný að svo miklu leyti sem desember- og orlofsuppbót eru inni nú. En varakrafa stefnanda er á því byggð að þessi lækkun verði talin réttmæt. Miðlunartillaga ríkisáttsemjara hafi verið fortakslaus og skilyrðislaus hvað varðaði sjómenn. Hún hafi gert ráð fyrir grunnkaupshækkun, 1,7% ofan á þá gildandi grunnlaun og fullri desember- og orlofsuppbót til sjómanna í fyrsta sinn án þess að gert væri ráð fyrir neinum sérstökum frádrætti vegna meðferðar þeirra mála á undanförunum árum. Miðlunartillaga ríkissáttasemjara geri hins vegar ráð fyrir sérstakri meðferð hvað varðar iðnnema, sem bendi til þess með gagnályktun að allir aðrir eigi að njóta fullrar uppbótar í desember og í orlofi. Ef ætlunin hefði verið að taka öðru vísi á málum sjómanna en landverkafólks hvað þetta varðar, hefði það orðið að koma fram í miðlunartillögunni þannig að sjómenn hefðu vitað áður en atkvæðagreiðsla fór fram hvað í tillögunni fólst.

Ef dómurinn fellst ekki á aðalkröfu stefnanda og telur að sjómenn innan Sjómannasambands Íslands eigi ekki rétt á fullri desember- og orlofsuppbót, er sú þrautavarakrafa gerð að sjómenn eigi í öllu falli rétt á þeirri hækkun sem varð á þessum uppbótum með miðlunartillögu sáttsemjara, en það eru kr. 1.000 í orlofsuppbót og kr. 2.000 í desemberuppbót og er þá miðað við að í febrúar 1990 var orlofsuppbót kr. 7.000 en varð kr. 8.000 með miðlunartillögunni og desemberuppbót var kr. 10.000 en varð kr. 12.000 samkvæmt miðlunartillögunni.

#### *Málsástæður og lagarök stefnda.*

Sýknukrafa stefnda er rökstudd með því, að stefndi hafi með hækkun kauptryggingar og kaupliða í kaupskrá nr. 1/1992 á dskj. 4 efnt að fullu samningskyldur sínar við félagsmenn stefnanda.

Því er mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að miðlunartillagan frá 26. apríl 1992 sé sjálfstæð og óháð því sem áður hefur gerst varðandi útfærslu á greiðslu orlofs- og desemberuppbótar. Jafnframt er því mótmælt að félagsmönnum stefnanda beri að fá greiddar kr. 8.000 í orlofsuppbót og kr. 12.000 í desemberuppbót eða samtals kr. 20.000

til viðbótar því sem þeir hafa áður fengið á sama tíma og aðrir launþegar, sem miðlunartillagan náði til, fái samtals kr. 2.500 til viðbótar því sem þeir höfðu áður fengið.

Í upphafi miðlunartillögunnar sé tilgreint, að hún sé annars vegar byggð á bókuðu samkomulagi samningsaðila um allt meginefni kjarasamnings, en hins vegar á tillögu sáttasemjara um lausn á deilu aðila um launalið og samningstíma. Í 1. grein séu tilgreind þau stéttarfélag og stéttarfélagasambönd, sem tillagan nær til. Á þeirri upptalningu sjáist að tillagan taki til nær allra stéttarféлага á almenna vinnumarkaðnum. Auk þess hafi samskonar tillaga verið lögð fyrir aðildarfélag BSRB, þar sem á sáttastigi voru samhliða viðræður við ASÍ og BSRB.

Aðilar hafi komið sér saman um alla aðra þætti en tímalengd samnings og launahækkun. Áður en miðlunartillagan var lögð fram hafi aðilar deilunnar komist að samkomulagi um hækkun á orlofs- og desemberuppbót. Sáttasemjari hafi skorið á þennan hnút og með 2. og 3. gr. miðlunartillögunnar hafi hann gert tillögu um lausn á því sem ekki hafði náðst samkomulag um á milli aðila með því að leggja til að síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengdust til 1. mars 1993 og að laun og launatengdir liðir hækkuðu um 1,7% frá 1. maí 1992. Einu breytingarnar sem gerðar hafi verið á desember- og orlofsuppbót hafi verið þær, að greiðslur þessar hafi verið hækkaðar frá því sem áður var. Í umfjöllun um þær breytingar milli fulltrúa ASÍ og vinnuveitenda hafi einungis verið tekist á um hækkun greiðslna en aldrei á það minnst af hálfu fulltrúa ASÍ að uppi væru hugmyndir eða kröfur um breytingu á framkvæmd varðandi einstaka hópa. Hefði slík hugmynd komið fram og samkomulag orðið um það milli aðila að breyta framkvæmd varðandi fiskimenn hefði orðið að ganga frá sérstöku samkomulagi bæði með tilliti til liðins tíma og ekki síður hins að ekki verði betur séð en að setja þyrfti sérstakar framkvæmdareglur varðandi fiskimenn, þar sem reglurnar miði við tímalaunuð störf og myndu án efa valda erfiðleikum í framkvæmd þar sem vinnufyrirkomulag fiskimanna sé afar ólíkt því sem gerist í landi.

Stefndi telur að ekki sé hægt að fallast á það með stefnanda að miðlunartillögunna beri að túlka samkvæmt orðanna hljóðan í þessu tilviki þar sem verið var að leysa í einu lagi deilu við nær öll stéttarfélag launþega á almenna vinnumarkaðnum og hluta af opinberum

starfsmönnum. Hefði átt að breyta þeirri framkvæmd, sem verið hefur frá því að orlofs- og desemberuppbætur komu til sögunnar, hefði það þurft að koma skýrt fram. Samkvæmt staðfestingu ríkissáttasemjara á dskj. 23 sé ekkert um það bókað hjá honum á sáttastigi deilunnar. Eins og fylgiskjöl nr. 41–44 á dskj. 23 og dskj. 26 beri með sér hafi samkomulag verið komið á milli LÍÚ og SSÍ um allt annað en launahækkun og tímalengd samnings og þau ágreiningsmál hafi sáttasemjari leyst með miðlunartillögum. Samkomulag hafi tekist um olíuverðsviðmiðun, tímamörk sett varðandi gerð kjarasamninga vegna nýrra veiði og verkunargreina og síðast en ekki síst lausn á meginkröfu SSÍ varðandi þátttöku áhafnar í kvóta-kaupum. Samkomulag hafi náðst um framangreind ágreiningsmál þann 26. apríl, skömmu áður en miðlunartillagan var lögð fram. Það sé svo ekki fyrr en löngu seinna að stefnandi ákveði að gera greiðslufyrirkomulag orlofs- og desemberuppbótar að ágreiningsmáli.

Með úrskurði Hagstofu Íslands 29. apríl 1988 hafi verið lagður grunnur að útfærslu á greiðslu orlofs- og desemberuppbótar til fiskimanna sem svo hafi verið fram haldið og metið sameiginlega af hagfræðingum aðila í næstu samningum á eftir. Með því hafi þessi aðferð í framkvæmd verið orðinn hluti af kjarasamningi aðila og breytist því ekki af sjálfu sér. Stefndi hafi farið rétt að með útgáfu kaupskrár nr. 1/1992 á dskj. 4, þar sem framkvæmt var mat á hækkun uppbótanna á sama hátt og áður var gert. Ekki hafi komið fram athugasemdir við útreikninginn af hálfu stefnanda. Jafnframt er vísað til kjarasamninga yfirmanna á fiskiskipum, þar sem staðfestur er skilningur og mat stefnda á ígildi orlofs- og desemberuppbótar. Þess vegna beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda og staðfesta þar með að kaupskrá nr. 1/1992 á dskj. 4 sé rétt.

Uppbæturnar hafi ekki alls staðar verið framkvæmdar sem eingreiðsla og sem dæmi nefnir stefndi byggingamenn.

Prautavarakröfu stefnanda er mótmælt sem rangri og óraunhæfri, þar sem engin rök séu fyrir því að hafa tvískiptar reglur varðandi orlofs- og desemberuppbót, enda þekkest það ekki hjá neinum launþegahópi. Önnur hvor aðferðin, þ.e. krónutölureglan eða hlutfallsreglan verði að gilda að fullu.

Ef sýknukrafa stefnda verði ekki tekin til greina og dómurinn telji sjómenn innan Sjómannasamband Íslands eiga rétt á fullri or-

lofs- og desemberuppbot í formi eingreiðslu er gerð sú krafa að kauptrygging og kaupliðir verði niðurfærðir um 3,1%, þ.e. sama hlutfall og þeir hafi hækkað um frá árinu 1988 vegna mats á ígildi uppbotanna.

*Niðurstæða.*

Við túlkun á miðlunartillögu ríkissáttasemjara frá 26. apríl 1988 þarf einkum að hafa þrennt í huga. Í fyrsta lagi, að tillagan var í meginatriðum byggð á samkomulagi um annað en launaliði og samningstíma. Í öðru lagi, að markmið tillögunnar var að leysa á sameiginlegum grundvelli kjaradeilu, sem mikill fjöldi stéttarfélaga átti aðild að. Í þriðja lagi, að tillagan stefndi að sömu kjarabótum fyrir alla.

Ákvæði 5. greinar miðlunartillögunnar um desemberuppbot að fjárhæð kr. 12.000 og 6. greinar um orlofsuppbot að fjárhæð kr. 8.000 ber að skilja sem hækkun á þessum greiðslum frá síðast gildandi kjarasamningum, en þar voru þessar greiðslur almennt kr. 10.000 í desemberuppbot og kr. 7.000 í orlofsuppbot. Þannig hækkaði desemberuppbotin með miðlunartillögunni um kr. 2.000 en orlofsuppbotin um kr. 1.000.

Hjá sjómönnum var málum þannig háttað að í síðast gildandi kjarasamningi þeirra sem og fyrri samningum voru hvorki ákvæði um desemberuppbot né orlofsuppbot. Í stað þessara uppбота höfðu sjómenn og útvegsmenn samið um sérstaka hækkun á kauptryggingu og kaupliðum. Aðilar eru sammála um það að við gerð síðast gildandi kjarasamnings þeirra frá 24. nóvember 1990 hafi þessi sérstaka hækkun numið 2,5% af kaupi og átti hún að jafngilda desemberuppbot að fjárhæð kr. 10.000 og orlofsuppbot að fjárhæð kr. 7.000, en uppbotafjárhæðir þessar tíðkuðust þá almennt í kjarasamningum verkafélaga. Þannig nutu sjómenn þessara uppбота þó með ólíkum hætti væri en hjá öðrum stéttarfélögum.

Í ljósi framangreindra staðreynda verður að líta svo á að með samþykkt miðlunartillögunnar af hálfu beggja aðila hafi sjómenn samkvæmt 5. og 6. grein tillögunnar einungis öðlast rétt til desemberuppbotar að fjárhæð kr. 2.000 og orlofsuppbotar að fjárhæð kr. 1.000.

Eftir að miðlunartillagan var samþykkt varð ekki samkomulag um að reikna þessar tilgreindu fjárhæðir inn í kauplið eins og áður. Útvegsmenn gerðu það að vísu einhliða og töldu að sérstök kaup-



hækkun í stað uppbótanna ætti að nema 0,6% en sjómannafélögin höfnuðu því að beita þessari aðferð og kröfðust fyllstu uppbóta samkvæmt texta miðlunartillögunnar.

Desemberuppbót og orlofsuppbót verður ekki breytt í hækkun almennra kaupliða nema með samþykki beggja aðila og því stendur réttur sjómanna til desemberuppbótar, kr. 2.000, og orlofsuppbótar, kr. 1.000, óhaggaður.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið verður þrautavara-krafa stefnanda tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Félagsmenn í þeim sjómannafélögum innan Sjómannasambands Íslands, sem samþykktu miðlunartillögu ríkissáttsemjara frá 26. apríl 1992, eiga samkvæmt 5. og 6. gr. tillögunnar rétt á desemberuppbót að fjárhæð kr. 2.000 og orlofsuppbót að fjárhæð kr. 1.000.

Málskostnaður fellur niður.

---